

LÍFID
á
ÖÐRUM JÁRDSTJÖRNUM
og
á PESSARI.

FERÐASÖGUR ÚR
ÖÐRUM SÖLKERFUM.
RÍT SWEDENBORGS.

FJARSKYNJAN.
(„Hugtæl“)

TIL MÆLI.

Dr. Helgi Þórusss

Vítis 16/5 1913

Tilmæli.

Á sunnudaginn ætla jeg, ef veður leyfir, nálægt Skólovörðunni að tala um framtíð jarðarbyggja og lífið á öðrum stjörnum. Jeg mun hefja ræðu mína kl. 5 $\frac{1}{2}$ (ekki kl. 5).

Fyrir nærfelt 2400 árum sagði gríski heimspekingurinn Demokritos, einn af vitrustu mönnum, sem verið hafa á jörðinni, að á öðrum hnöttum mundu vera til lífandi verur líks eðlis og á jörðinni; og hjerum bil 2000 árum síðar, sagði annar undramaður að viti (þegar miðað er við þá skynsemi, sem algengust er hjer á útjaðri vitheims) að heimurinn væri óendanlegur, og bygð á öðrum jarðstjörnum en þeirri, sem mónnunum er kunnist. Jeg hygg að trúin á guði, engla og anda, byggist á því sem menn hafa fjarskynjað um íbúa annara hnatta. Að fjarskynjun á sjer stað er vist, enda ekki erfitt að gera grein fyrir í aðalatriðum, hvernig slikt geti átt sjer stað. Verður þá heldur ekki vandskýrt, hvað það muni vera, sem menn hafa nefnt opinberan og innblástur, og mestum mjósskilningi hefur valdið.

Jeg mun í ræðu minni skýra frá sumu af því, sem ráða má að líkindum um framþróun lífsins á stjörnum sem eru miklu stærri og eldri en þessi jörð, og því næst minnast á nokkrar athuganir mínar og annara, sem jeg tel standa í sambandi við lífið, ekki hinumegin, heldur annarstaðar og framundan.

Og að endingu verð jeg að mælast til eins. Í rúma þrjá mánuði hefur svefn mínum, sem ekki var

of mikill áður, verið spilt svo með bjölluhringingum á nótturni og snemma morguns, að nærrí hefur legið fullu svefnleysi stundum; leidzetta, með atvikum sem jeg hafi ekki að greina hjer til þess að jeg veiktist og lá rúmfastur 9 daga aprílmánuði; hef jeg ekki náð síðan, ekkert getað unnið mjer öðrum til gagns og skemtunar, m. a. ekki getað farið austur skoða gosið. Og ekki hef jeg gefi fengið ljett af þessum hringingum — liggar mjer við segja — sem eru þó engri skepn til gagns. Ní vil jeg biðja að bundið verði um þessar óþorl. aktýgjabjöllur, eða þær tekna að svo að jeg þurfi ekki að heyra þenna leiða og svefnspillandi heimskuhljóð sunnudagsnótt eða morgun. Er það eigi einungis í mína þágu, heldur einnig þeirra sem kynnu að vilja hlýða á ræðu mína, að ekki verði hringdur frá mjer svefninni þá nót, eins og nú hefur átt sjer stað svo lengi. Það er auðvitað ekkert gaman að þurfa að segja frá slikri svefn stygð, en það verður að segja hvatja sögu eins og hún er, og mjer nær að halda, að fleirum en mjer sje bagi að þessum hringingum, það minni brögð sje að.